

**236** 25. ágúst skipaði forseti Bandaríkja Norður-Ameríku herra Lincoln MacVeagh til að vera sendiherra sinn og ráðherra með umboði á Íslandi.

6. október var stórkaupmaður Finnbogi Kjartansson viðurkenndur pólskur vara-ræðismaður í Reykjavík.

23. október skipaði ríkisstjóri Thor Thors, áður aðalræðismann Íslands í New York, til að vera sendiherra og ráðherra með umboði í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Frá 23. október hefur Agnari Kl. Jónssyni vararæðismanni verið falið, til bráða-birgða, að veita forstöðu aðalræðismannsskrifstofu Íslands í New York.

**237**

## HEIÐURSGJAFIR

Af vöxtum Styrktarsjóðs Christian konungs IX. árið 1941 hefur landbúnaðar-ráðuneytið veitt þeim Jóni St. Melstað, óðalsbónda, Hallgilsstöðum, Arnarneshreppi, Eyjaljarðarsýslu, 200 króna heiðursgjöf, og Ólafi Jakobssyni og Jakob Þorsteins-syni, óðalsbændum, Fagradal, Mýrdal, Vestur-Skaftafellssýslu, 175 krónur heiðurs-gjöf hvorum, öllum fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum, byggingum og öðru því, sem að búnaði lýtur.

**238**

## STYRKVEITINGAR

Af vöxtum Skógræktarsjóðs Friðriks konungs VIII. árið 1941 hefur landbún-aðarráðuneytið veitt Þorleifi Erlendssyni, óðalsbónda, Jarðlangsstöðum, Mýrasýslu, 200 króna styrk og Geirlaugu Jónsdóttur, Borgarnesi, 150 króna styrk, til trjáræktar.

Úr styrktarsjóði Þórarins Tuliniuss hefur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt eftirgreindum mönnum styrki, sem viðurkenningu fyrir björgun manna úr sjávarháska:

Böðvari Jónssyni, Guðjóni Jónssyni, Þorsteini Oddssyni og Þórði Bjarnasyni, öllum í Reykjavík, Sigurði Jóakimssyni og Halldóri Brynjólfssyni, báðum í Hafnar-firði, og Kristjáni Jónssyni, Efri-Grund í Höfnum.

**239**

## EINKALEYFI

Þann 31. janúar 1941 var Rudolf Beader forstjóra, Lübeck, Þýskalandi, veitt einkaleyfi nr. 131 á áhaldi til að flá fiskflök.

Þann 8. febrúar 1941 var Ásgeiri Ásgeirssyni skrifstofustjóra, Reykjavík, veitt einkaleyfi nr. 132 á loki á mjólkurfötu.

Þann 18. febrúar 1941 var Guðjóni Samúelssyni húsameistara, Reykjavík, veitt einkaleyfi nr. 133 á aðferð til meðhöndlunar á útveggjum húsa og annarra mann-virkja, sérstaklega úr steinsteypu.

Þann 31. október 1941 var Pan American Airways Corporation, State of Delaware, Jersey City, New Jersey ríki, Bandaríkjunum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 134 á endurbótum á loftnetskerfi.

Þann 13. desember 1941 var Det norske Aktieselskab for Elektro-kemisk Indu-stri (Elektrokemisk), Oslo, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 135 á aðferð, sem fólgin er í tilfærslu á snertunum í samhangandi rafskautum.